

Ársskýrsla Skógarvarðarins á Suðurlandi 1988.

Böðvar Guðmundsson . Deild 81



Ársskýrsla D81 1988

1. Veðurfar ársins.

1.1. Tíðarfarsyfirlit.

Kalt var í veðri í upphafi árs. Ekki er þó hægt að tala um harðindi. Hins vegar var óvenjulangur samfelldur frostakafli frá janúarbyrjun og fram í miðjan febrúar. Mjög var snjólétt og 3-4. daga kaflar með um -20 gr. c hjuggu áreiðanlega stór skörð í stofn sitkalúsar á suðurlandi.

Mars var nokkuð kaldur og þá snjóaði nokkuð. Apríl var óvenjukaldur. Þá snjóaði talsvert.

Fyrri hluta maí mánaðar var fremur svalt. Að morgni þess 9. var ló cm jafnflallinn snjór á hlaðinu í Haukadal. 11. maí fór tíðin að batna. Var hitinn á daginn oftast 12 - 16 gr. Út maí mánuð en komst í 19 gráður 14. og 15. maí.

Júní með afbrygðum kaldur og votur. 12 júní náði hitinn 19 gráðum, annars voru yfirleitt 6 - 10 gráður á daginn, en mun kaldara á næturnar. 1-4 gr. í vikunni 19. - 25 júní. Í Reykjavík var júní sá sólarminnsti frá 1949.

26. júní hlýnaði og júlímánuður var samilega hlýr. Hins vegar var óvenju vindasamt. 25. júlí brotnaði talsvert af sitkagrenitoppum í n-au stormi. Árviss viðburður.

Agúst í meðallagi hlýr en heldur vindasamur.

Hlýtt var í byrjun sept. og þurrt, en vindasamt. Fyrsta naturfrost kom aðfaranótt 13. sept, -2 gr kl. 7,30. Fór síðan kólnandi og var oft frost er nær dró mánaðarmótum.

12. okt. hlýnaði aftur. Var síðan oftast frostlaust og stundum allt að 10 gráðu hiti í 5 vikur. Frá 27. nóv var heldur kaldara, en mjög umhleyppingasamt til áramóta. Kaldast varð í Haukadal 4. des, -14 gr.

Alls náði hitinn 20 gr. í 8 daga um sumarið. 7. júlí varð hlyjast, 24 gr. Meðalhiti sumarsins heldur lægri en undanfarin ár, en svipaður og meðalhiti 1971 - 80.

Úrkomu og hitatölur frá 4 stöðum á suðurlandi 1988.

Ársúrsk. Úrcoma í mán.m.m.

		m	j	j	á	s
Hæll	1.113	105	157	59	66	63
Búrfell		68	122	23	32	73
Jaðar Hrun	1.129	153	170	43	40	75
Eyrarbakki	1.485	80	162	74	136	80

Meðalhiti:	m	j	j	á	s
Hæll	7.2	7.8	11.3	10.8	6.5
Búrfell	6.1	7.1	10.6	9.0	5.0
Jaðar	7.1	8.9	11.4	10.8	6.5
Eyrarbakki	8.3	8.5	11.5	10.6	6.9

Meðal hámarkshiti:

	m	j	j	á	s
Hæll	11,5	11,8	15,9	14,5	9,9
Búrfell	9,2	10,6	14,6	12,8	8,5
Jaðar	10,6	11,7	15,5	14,1	9,4
Eyrarbakki	11,7	10,3	15,6	13,8	10,5

2. Vöxtur og þrif trjágróðurs .

2.1. Laufgun og lauffall.

Uppsveitir Árn:	laufgun	lauffall
Kjarrbirki	4/6	5/10
Bæjarst.birki	4/6	20/10
Ösp.Kenai		22/9 b.d.
Lágsveitir:		
Bæjarst.birki		5/10

2.2. Vöxtur.

Vöxtur yfir meðallagi á öllum tegundum. Áberandi góður á rauðgreni. Norðan stormur seinni part júlí sem skeður næstum árlega lækkar hæðarvöxt sitkagrenis talsvert vegna þess hve margir toppsprotar brotna af.

2.3. Fræfall.

Fræmyndun var allmikil á birki. Talsverðu safnað á Suðurlandi. Fjölbr.skólinn á Selfossi safnaði í Skarfanesi ca 20 kg. Ýmsir skólar söfnuðu í sínum sveitum og skiluðu inn ca 30 kg. Alls safnað um 50 kg á Suðurlandi.

Stafafurukönglum var safnað í Skarfanesi og á Snæfoksstöðum í Grímsnesi. Voru þar á ferð nemendur gagnfr.sk.á Selfossi og Lionskl. í Laugardal. Könglarnir sendir að Mógilsá til þreskingar en birkifræið að Sámstöðum í Fljótshlíð.

2.4. Skaðar.

2.4.1. Nokkuð skemmdist af bakkaplöntum sem stóðu um veturinn í Haukadál og Þjórsárdal eins og árið áður. Rótarkal.

Lerki Tuvan aföll 12,3%
Stafafura Taraldsöy aföll 9,8%

2.4.2. Skordýraskaðar voru helstir af sitkalús. Sitkagreni fór mjög illa á útmánuðum á Kirkjubæjarklaustri, þrátt fyrir úðun í nóvember 1987. Eins var um einstaka tré í görðum á Selfossi. Sprautað var í allmörgum görðum á Self. í okt.

2.4.6. Veðurskaðar. Eins og áður er getið gekk n-au veður yfir suðurland 25 júlí og brotnaði þá talsvert af sitkagr. toppum í uppsveitum. Þetta er árvisst fyrirbæri.

3. Starfsfólk.

Alls komust 33 á launaskrá auk nokkurra manna í öðrum deildum sem komust á blað í nokkra klukkutíma, aðallega vegna vinnu við Hinó, flutningabíl vörn, en krani var settur á hann á Vöglum.

Nöfn starfsmanna.		alls unnið:
Böðvar Guðmundsson	Selfossi	12 mán.
Sigvaldi Ásgeirsson	Haukadal	10.37
Björgvin Eggertsson	Garðabæ	6.13
Arni Eiríksson	Eyrarbakka	7.43
Vigfús Garðarson	Skeið Arn.	1.76
Magnea Bjarnadóttir	Selfossi	2.93
Hjalti Björnsson	Gnúpvrhr.	1.38
Örnólfur Þorvarðars.	Rfeykjavík	0.83

Hrafn Óskarsson	Rang	0.21
Karl R Einarsson	Selfossi	0.09
Leifur Ársælsson	Selfossi	0.09
Bryndis Böðvarsd	Grímsnes	0.08
Benedikt Blöndal	Hallormstað	1.78
Ólafur Helgason	Selfossi	1.11
Grétar Ísfeld Sævars	Selfossi	4.25
Guðm Björnsson	Gnúpv.hr	4.35
Bergur Þ Björnsson	Gnúpv.hr.	8.87
Guðbjörg Gunnarsd	Selfossi	2.17
Jón Geir Pétursson	Reykjavík	0.23
Kristín Ólafsdóttir	Selfossi	0.23
Kristjana Hallgr.d.	Selfossi	1.44
Hilda Pálmadóttir	Rang.	1.72
Hreinn Óskarsson	Selfossi	3.51
Laufey Böðvarsd.	Grímsnes	1.13
Vignir Þór Stefáns.	Selfoss	2.78
Sigurveig Sigurðard	Selfoss	0.88
Vilborg Guðmundsd.	Bisk.	0.60
Kristín Sigurðard.	Bisk.	0.46
Greipur Sigurðsson	Bisk.	0.47
Brynhildur Sigurðard.	Bisk.	0.37
Ágúst Sæland Stígsson.	Bisk.	1.30
Þórey Jónasdóttir	Bisk.	0.16
Kristján Guðnason	Bisk.	2.22
Ymsir		0.78

alls: 84.11 mánuðir unnir.

Tveir menn unnu allt árið (BG og SA). Sigvaldi Ásgeirsson var þó lánaður til áætlanadeildar 1.63 mánuði. Arni Eiríksson bílstjóri og vélvirki hætti störfum 1. okt og tók Vigfús Garðarsson frá Húsatóftum á Skeiðum við starfi hans sem þúsundþjálasmíður. Björgvin Eggertsson kom frá námi við "Statens Skogskole Sönsterud" eftir 6 mánaða námskeið í skógarhöggi, grísjun og vélastelli. Hóf hann störf í júní sem verkstjóri.

Flestir urðu starfsmenn í maí 16, júní 19, og júlí 16, og ágúst 17.

Alls voru unnir 84,11 mannmánuðir. Laun með launatengdum gjöldum urðu kr. 7.341.990.

Fastráðnir	2.296.600
Lausráðnir	5.047.390

	7.341.990

Eru þetta öll launagjöld DBI og Mosfellsáætlun þar innifalin.

4. Girðingar.

4.1. Viðhald.

4.1.1. Þjórsárdalur: Girðingin kom vel undan snjóléttum vetri og viðhald því lítið. Kostn 88 kr 132.839

4.1.2. Þórsmörk: Ekki var farið til viðgerða í Þórsmörk. Fé á afréttum innan og framan við Mörkina hefur stórminnkað, og því ekki talin ástæða til að gera við girðingar sem halda ekki hvort sem er. Fé hefur verið hjálpað í gegnum girðingarnar eða komist inn í Þórsmörk innan við allar girðingar. Því þótti ástæða til að athuga hvort girðingarviðhald hefði nokkuð að segja um fjárfjöldu í Þórsmörk. Það virðist að svo hafi ekki verið í sumari því engar kvartanir bárust um fjárfjöldu í Þórsmörk umfram það venjulega. Eftir

Því sem Landgræðslumenn segja verður sumarið 1989 síðasta sumarið sem rekið verður á afréttina Allmenninga, Stakkholt og Steinsholt.

4.1.3. Laugarvatn: Viðhald eins og venjulega. Nyrsti hluti girðingarinnar uppi á Laugarvatnsfjalli liggur niðri að hluta og þyrfti að endurbyggjast ef fjárfjöldi eykst í innanverðum Laugardal, en þetta kemur ekki að sök eins og er. Ristarhlið innan við Laugarvatnsstað var numið á brott vegna vegaframkvæmda í haust. Óskað hefur verið eftir því að það verði sett niður aftur. Kostn 88 kr. 19.881

4.1.4. Skarfanes: Algjörlega fjárlaust eftir velheppnaðar endurbætur í fyrra. Sjá skýrslu 1987. Lítið viðhald. Kostn. 88 kr. 3.378.

4.1.5. Aðrar girðingar: Lítið viðhald. Ekkert sérstakt um það að segja. Kostn 88 17.673.

4.2. Nygirðingar

4.2.1. Mosfell.

Rafmagnsgirðing 5 strengja var sett upp í kringum það land er við höfum til ráðstöfunar á Mosfelli í Grímsnesi. Verkið var unnið að mestu af "Girðingarverki h/f", en vinnuflokkur Skógræktarinnar lauk við frágang og setti niður ristarhlið á aðkeyrslubraut svæðisins auk þess að koma fyrir stuðtæki og að prófa girðinguna. Verkinu er nú nánast lokið, aðeins eftir að setja upp tvær hliðgrindur á norður og vesturkanta girðingarinnar.

Heildarlengd girðingarinnar :	9.840 metrar.
rafgirðing girt 1988	7.410 -
netgirðing girt 1974	2.430 -

Heildarkostnaður m.ristarhl. kr.965.815

Kostnaður pr. km. rafgirðing m. r.hliði: kr.130.340
kostnaður pr. m. rafgirðing m. r. hliði:kr. 130,34

Heildarkostn rafgirðingar einnar kr.	861.190
kostn rafgirðingar einnar kr.pr.km.	116.220.

5. Skógarhögg

5.1. Viður.

50 þokar af arinviði féllu til við grisjun í Húsadal í Þórsmörk. Alls um 1 tonn. Birgðir í árslok 0,5 tonn.

5.2. Jólatré.

Högg hófst 7.nóv. og var að mestu lokið 18.nóv. Næstu 2 vikurnar var minni mannskapur við höggið 3-5 menn en höfðu verið flestir 8. Var þá verið að snyrta trén og klára að höggva upp í stærðarflokka. 28.nóv var byrjað að flytja trén á markað og því lokið 8.des. Allt var flutt með bílum stofnunarinnar utan einnar ferðar sem Þórir Sigurðsson flutti. Megnið af trjánum var höggvið í Haukadal en örlítið af furu og fjallapín var höggvið í Þjórsárdal. Mjög góð tíð var allan þann tíma sem höggið stóð yfir, stöðug þiðviðri og féll enginn dagur úr vegna frosta. Veðráttan mjög svipuð og 1987.

Kostnaður við höggið: Launakostnaður 374.906,00

Tekjur af sölu jólatrjáa: 2.545.265,00

innkomið fyrir áramót 1.644.840

útistandandi um áramót 900.425 2.545.265,00

Eftir stærðum skiptast seld jólatré þannig:

stærðir	Greni	Fura	Dinur	Blágr.	alls
0.70 - 1.00	259	98	1	2	360
1.00 - 1.25	447	234	7	0	688
1.25 - 1.50	669	334	5	4	1.012
1.50 - 1.75	669	248	6	4	927
1.75 - 2.00	186	90	6	0	282
2.00 - 2.50	87	59	0	1	147
2.50 - 3.00	6	2	1	0	9
3 - 4	12	0	0	0	12
4 - 5	8	0	0	0	8
5 - 6	4	0	0	0	4
6 - 7	3	0	0	0	3
7 - 8	1	0	0	0	1
alls 1988	2.351	1.565	33	11	4.129
alls 1987	2.939	1.643	33	0	4.615

Minnkun í heildarsölu jólatrjáa er 10,5% miðað við árið 1987.

Astæður minnkunnar eru tvær: verslunin Blómaval datt út sem viðskiptavinur og Landgræðslusjóði tókst ekki að selja eins mikið og 1987. Veldur þar þininnflutningur sennilega mestu um.

Þau gleðilegu tíðindi má segja að fundist hefur aðferð til að halda barrinu betur á rauðgreninu en hingað til hefur verið þekkt. Má ætla að rauðgrenið fái nú nokkra uppreisn æru sem jólatré.

5.3. Grisjun.

5.3.1. Þjórsárdalur. Sagaðar upp rásir í birkikjarr í Seljaö tungum og Seljatungnanefi í framhaldi af landi sem herfað var þar undir gróðursetningu í vor. Alls grisjaðir 5 ha. Kostn. 88 kr. 112.534

Hrafn Óskarsson og Björgvin Eggertsson fjarlægðarjöfnuðu í reit 3322 í Selhöfðum tilraunaplöntun af Sitkagreni .

5.3.2. Haukadalur. Sagaðar rásir í birkikjarr ca 3 ha. neðan Beinhóla. alls 20 dsv. kostn. 88 142.789

5.4. Hnausplöntur.

Nokkuð magn hnausplantna af Sitkagr., Stafafuru og Lerki var selt úr Þjórsárdal og Haukadal. Í Þjórsárdal var mönnum gefin kostur á að stinga sjálfir merkt tré í skógi, eins og undanfarin ár. Sama fólkkið kemur mikið ár eftir ár. Sala hnausplantna 1988.

Selt m. söluskatti	483.794,00	
Selt án söluskatts	35.750,00	alls. 519.544,00

6. Landvinnsla / Jarðvinnsla.

6.1. Þurrlendisjarðvinnsla

Talsvert var unnið með hinu nýja TTS herfi sem keypt var í vor og dregið var af Deutch dráttarvélinni. Helstu annmarkar vélbúnaðar þessa er að herfið er nokkuð þungt og vildi því dráttarvélin festast ef deigt var undir. Má bæta úr þessu með því að tvöfalda hjólbarða dr. vélarinnar. Herfað var sem hér segir:

Mosfell	35 ha
Haukadalur	29.5
Þjórsárd.	6.0
Héraðsskógar	12.0
Húsasmiðjan	10.0
Skf. Arn.	15.0
	<hr/>
	107.5 ha

Afköst herfisins eru talsvert meiri en áætlað hafði verið, allt upp í 5 ha á dag á þurru þéttu landi. En afköstin eru fljót að detta niður ef blautt er og vélin lendir í festum.

6.2. Votlendisjarðvinnsla.

6.2.1. Haukadalur. Grafir voru 5.210 lengdarmetrar af skurðum, alls 20.209 rúmmetrar. Uppgröfturinn nýtist í flestum tilfellum sem vegstæði. Ræsum var komið fyrir all víða og fengust rör í þau á góðum kjörum frá Landsvirkjun í Búrfelli.

6.2.2. Mosfell. Í desember var grafið í Mosfelli 5.300 l.m. af skurðum alls 27.581 rúmmetrar. Grafið var að mestu í lögðum þar sem gamlir yfirgrónir lækir voru fyrir, þannig að nú höfum við allt tilbúið til plógræsingar og plæingar út frá þessum skurðum. Hluti af uppgreftri nýtist sem vegstæði.

7. Gróðursetning.

Gróðursetning gekk þokkalega vel. Lang mestur hluti plantnanna voru úr fjölpottum frá Mógilsá. Gróðursetning var á hinum ýmsu stöðum sem hér segir:

7.1. Þjórsárdalur

Síb. þinur	Altai	2/3 br.	c108	H.	r2204	400
Serbiugreni	Ringsaker			T	i uppeldi	110
Sitkabast	Kenai	1/3 fpb.	c145	T	r2206	100
Sitkagreni	Tumast.	2/3 br.	co83	T	r2206	20
Stafafura	Skagway	1/2 fpb	c121	T	r2210	120
Stafafura	Taraldsö	1/0 F	870012	M	r2919	4.200
					r2268	1.600
					r2729	3.600
					r2269	3.358
Síb.Lerki	Tuvan	1/0 p	c176	M	r2273	11.500
					r2370	2.100
					r2355	2.040
					r2020	2.640
					r2732	11.940
					r2270	19.337
					r3019	1.500

			alls Þ.d.			64.565

7.2. Haukadalur.

Stafafura	Taraldsö	1/0 p	870012	M	r6041	26.137
					r6015	3.009
Síb.Lerki	Tuvan	1/0 p	c176	M	r6300	23.375
					r6301	8.305
Blágreni	Stein	1/0 p	c155	M	r1075	9.702
					r3081	4.620
Blágreni	Rio Grande	1/0 p	c187	M	r6041	10.720
Sitkabast	Kenai	1/0 p	c145	M	r3081	1.054
					r6171	248
					r6400	4.774
					r6015	10.416

			alls H.d.			96.284

7.3. Skarfanæs.

Stafafura	Taraldsö	1/0 p	870012	M	tilr.hólar	120
Síb.lerki	Tuvan	1/0 p	c176	M	do	180

			alls Skarfanæs.			300

pr lengdarcentimeter.

8.2. Haukadalur:

8.2.1. Frásögun:	2081	0,3 ha
	2124	1,4 -
	6042	
	6044	
	6045	1,6 -

		3,3 ha.

8.2.2. Úðun m. round up: Úðað var í reitum 6079- 2124 - 2122
2123 - 2125 - og 2126 alls 7,8 ha.
A hluta þessarar reita var úðað í
annað sinn.

8.2.3. Áburðargjöf:

dags.	r.nr.	ha.	áb.teg.	magn.	ath.
02.06	6079	0,5	G 3	200 kg	
02.06	6173	2,0	G 3	550 -	
03.06	6078	0,2	Kjarni	50 -	
03.06	6078	0,1	Magni	25 -	
03.06	6079	2,5	G 3	650 -	
03.06	6079	0,5	Kjarni	200 -	
03.06	6079	0,1	Magni	25 -	
27.06	6041	1,5	Þrifosfat	150 -	25 gr.pr.pl.
28.06	6041	4,0	Magni	150 -	10 gr.pr.pl.
samtals:		11.4 ha		2.000 kg.	

Flugdreiift var 6 tonnum á sama svæði og 1987 og var meiningin
að dreifa nú á ljósu rendurnar (sem urðu útundan 87). Er
skemmst frá því að segja að með nýju áburðarflugvélinni
reyndist dreifingin ónákvæmari en með þeirri gömlu.
Enn eru því talsverðir blettir á þessu svæði óábornir, meðan
aðrir hafa fengið áburð tvö ár í röð.

8.2.4. Snyrting og klipping tvítoppa:

Eftirtaldir reitir voru snyrtir.

2017 Ung fura	0,2 ha.
1042 Rauðgr.	0,4 ha.
2101 -	1,3 ha.
Miðhlið	3,0 ha.

	4,9 ha.

9. Byggingar.

9.1. Viðhald.

9.1.1. Haukadalur: Í Starfsmannahúsi í Haukadal voru eftirfarandi endurbætur gerðar:

1. Sturtuklefi og baðherbergi endurnýjað að nokkru. Botn í sturtu var steiptur og stækkaður, dúkur settur á sturtuvegg. Baðherbergið var málað í hólf og gólf.

2. Hitaveitulögn breytt: Heitu vatni hafði verið dælt beint úr hver inn á kerfi hússins. Allt var að fyllast af kísil, svo að til stórvandræða horfði. - Þessu var breitt í þá veru að kalt vatn ofan úr miðhlið var leitt í gegnum spíral í hvernum og það síðan leitt heitt upp í hús í forhitara. Húskerfið er því lokað hringrásarkerfi og kísilmyndun úr sögunni. Lítil dala er á kerfinu sem sirkúlerar vatninu innanhúss.

3. Rafmagnstaxta fékkst að breyta úr "allmennri notkun" í "sumarbústaða taxta". Við það hækkar fastagjald mælis en kilowattverð lækkar um helming.

Alls kostnaður v. starfsm. húss H.D. kr 320.237,00

9.1.2. Mosfell.

Svokallaður strákaskúr sem staðið hefur í Þjórsárdal var tekinn upp og fluttur að Mosfelli. Skipt var um undirstöðu-bita skúrsins og fleyra smálegt. Í þessum skúr geta gist 4 menn með góðu móti en 6 í hallæri.

9.1.3. Þjórsárdalur

Lagað var umhverfi starfsmannahússins í Þjórsárdal, lagðar gangstéttar að nokkru leyti. Vaskar voru settir upp í þvóttahúsi, skápur í eitt herbergi og fleyra smálegt. Alls kostn. 88 kr. 233.471,00

9.2. Nývirki.

9.2.1. Mosfell.

Hús (sumarbústaður) kallað "Hreðarkot" var flutt að Mosfelli ofan frá Hreðarvatni í Borgarfirði. Til flutninganna var notaður X 8317 Hino sem þá var nýkominn í okkar hendur. Húsinu var komið fyrir á staurum sem settir höfðu verið í jörð nokkru áður. Er bústaður þessi ágætis hráefni í starfsmannahús en ljóst er að byggja þarf við húsið svo það nýtist að fullu og breyta því nokkuð.

10. Vélar og verkfæri.

10.1. X2395 Mercedes Bens árg 1971 var seldur eftir langa og dygga þjónustu. Fengust fyrir hann um 180.000 kr.

Í stað gamla bílsins var fenginn frá Þýsku vegagerðinni Mercedes Bens 1626, árg 1981. Bíllinn var ekinn 140.000 km og lítur vel út. Kaupverð ca 2.5 milj. kr. Nokkuð var unnið við endurbætur á bílnum, pallur lengdur um 40 cm., settar á hann há skjólborð til plöntuflutninga. Hægt er erð flytja 5 hæðir plantna með bílnum í einu eða um 40.000 plöntur í bökkum. Ný framdekk voru keypt. Kostn alls kr 332.476,00.

10.2. X 6476 Mitsubishi sendibíll. Endurnýðar allar legur í girkassa. Ekinn 97.000 km. Kostn alls 88 kr. 284.316,00

10.3. M 2897. Toyota Landcruiser. er á síðasta snúning, þyrfti nauðsynlega að endurnýja. Alls kostn 88 kr. 102.723,00.

10.4. X 8317 Hino. Fengum þennan bíl að gjöf frá Vegagerðinni og reyndar tvo slíka. Var sameinað úr bílnum. Krani var settur á 8317 og verður bíllinn notaður til vélaflutninga og annarra langflutninga með þunga vöru. Kostn alls kr 86.193,00

10.5. Dráttarvélar. Til eru 2 Zetorar, 1 Deutch 97 ha, Massey Ferguson traktorsgrafa. Ein dráttarvél seld á árinu. Ford 2000. Söluverð 75.000,00.

10.6. Jarðytan, Caterpillar D4E var notuð við vegagerð í Mosfelli, en lítið annað. Þarfnast klössunnar.

10.7. Smáverkfæri. Keypt rafknúinn járnsgög kr 30.000, borvél í standi kr 14.000. Viðhald með eðlilegum hætti á kjarrsgögum og öðrum minni verkfærum.

10.8. TTS herfi. Fengið var til landsins finnskt skógarherfi TTS 10, og er ætlað til herfingar á þurrlendi fyrir gróðursetningu. Hefur herfið verið allmikið notað og herfaðir með því yfir 100 hektarar í sumar og reynist það vel. Það hentar vel á lyng og mosalendi en vinnur illa á gróðri á framræstum mýrum þar sem sína er mikil.

11. Nyttjaskógar á bújörðum. Héraðsskógar í Arnessýslu.

D 81 vann örlítið fyrir verkefnið "Héraðsskóga í Arnessýslu" við jarðvinnslu með TTS herfinu. Samkv. fjárlögum voru ætlaðar til verkefnisins kr 147.000. D 81 vann fyrir kr 54.050. Afgangurinn kr 92.950 verður greiddur út til bænda eftir vinnuframlagi þeirra við jarðvinnslu eigin landa.

12. Ýmislegt.

12.1. Ferðalög og fundahöld.

Skógarvörður kom í flest skóglendi umdæmisins til umsjónar og eftirlits.

Samskipti við skógarbændur í Biskupstungum vegna héraðsskóga voru aðallega í höndum Sigvalda Ásgeirssonar.

Sat aðalfund Skf Íslands að Reykholti í Borgarfirði.

Gekk frá landamerkjum vegna leigulands Búnaðarbanka Íslands í Ásólftaðaskógi.

Samráðsfundur um vinnuviku í Þórsmörk á vegum Skógr. ríkisins, Landgræðslunnar og Rauðakross Íslands.

Sat aðalfund skf. Myrdælinga, þann fyrsta sem haldinn hefur verið síðan 1952.

Sat fund með fulltrúum frá útvarpstöðinni Bylgjunni og stöð 2 ásamt fulltr. Vífilfells h/f vegna skógræktaráttaks í Haukadal.

Skoðaði land í landi Þjóðólfshaga í Holtum Rang . vegna fyrirhugaðrar skógræktar.

12.2. Ferðafólk.

Mikil ásókn er í að komast með hjólhýsi á svæði skógræktarinnar í Þjórsárdal. Útbúin voru 5 stæði á haustmánuðum, svo að nú er pláss fyrir u.þ.b. 40 hjólhýsi þarna.

Ekkert var rukkað vegna tjaldgеста í sumar. Um verzlunarmannahelgina voru um 1500 manns í sandártungu í Þjórsárdal. Ekkert var rukkað en fólk beðið um að ganga vel um og taka með sér rusl heim aftur. Tók fólk þetta vel í þetta og var umgengni og hegðun til fyrirmyndar.

12.3. Gestir skógræktarinnar.

Vinnuhópur á vegum Rauðakross Íslands var í eina viku í Þórsmörk við uppgræðslustörf og gróðursetningu. Unnið var við að stinga niður börð og sá í sárin í norðanverðum Valahnjúki. Plantað var birki úr fjölpottum utan skógargirðingarinnar í Valahnjúki, innan girðingar Austurleiðar h/f. Rauði krossinn kostaði vinnuvikuna að mestu, en Landgræðslan skaffaði tvo verkstjóra og skógræktin tvo.

Sami hópur kom svo í Þjórsárdal og vann einn eftirmiðdag við gróðursetningu lerkiplantna í vikrana austan við "Vor í Dal" og sló niður plöntuhlífur um þessar plöntur. Plantað var í land sem landgræðslan hafði sáð í tveim árum áður og var orðið all vel gróið.

Danielsen fylkisskógarmeistari í N- Þrændalögum kom í Haukadal og að Laugarvatni, við 6. mann. Þótti þeim furan og lerkis sem þau gróðursettu 1982 á Laugarvatni hafa tekið góðum framförum.

Safnaðarmeðlimir í Haukadalssókn settu upp hestagerði á garð þann sem stendur norðan í túninu í Haukadal austan sældar-
skoru. Vilja menn geta komið riðandi til kirkju að gömlum
sið. Í girðinguna voru notaðar rauðgrenispírur er féllu til
við grísjun í Miðhlíðinni 1986.

13. Nokkrir punktar um framkvæmdir í Mosfelli 1989.

1. Gróðursetning: engin þetta árið, þó fyrirhuguð hafi verið. Aftæður: girðingin ekki tilbúinn.

2. Jarðvinnsla: Herfaðir voru um 35 ha með TTS herfinu.

3. Vegagerð: Rutt var fyrir brautum í austanverðu landinu undir Mosfellsfjalli. Ekki eru til tölur um vegalengd, en allþétt brautarnet er nú komið í þau lönd sem gróðursett verður í næstu 2 árin.

Borið var ofaní 2.3 km. af þessum slóðum, þeim sem verða notaðir sem stofnbrautir. Vegagrús fannst í tveim lækjarfarvegum, en þótti ekki góð þótt notuð væri. Heldur fín og leirkennd.


4. Framræsla: Ræktunarsambandið Ketilbjörn gróf fyrir okkur 5.3 km af skurðum alls 27.581 rúmmeter. Eru þetta aðalfrárennslisskurðir á Mosfellsmyrum.

5. Girðing: Girðingarverk h/f sá um uppsetningu á 5 str. rafmagnsgirðingu utanum land skógræktarinnar. Ristarhlið sett á aðkomuleið inn í landið kostn um 104.000 kr. Eftir er að setja upp tvær hliðgrindur.

Girt var einnig utan um starfsmannahús stofnunarinnar í Mosfellstúni. 160 metrar netgirðing.

6. Húsakostur: Flutt að Mosfelli sumarbústaður frá Hreðarvatni "Hreðarkot". Einnig "strákaskúr" úr Þjórsárdal. Höfum á leigu skemmu sem er í eigu jarðarinnar Mosfells. Er hún til mikilla þæginda.

Selfossi 18 janúar 1989



Böðvar Guðmundsson skógarvörður.

AF SKOGRÆKT OG SANDRÆKT "SUMARIÐ" 1988.

A) VERKEFNI Í SKARFANESI

SKOGRÆKT

Um hvítasunnuna (22.05.88) héldum við bræður (Sigurgeir, Jón Baldur og Arinbjörn) austur í Skarfanæs ásamt fleiri kunningjum sem flestir hverjir hófu endurreisn skálans í Lambhaga. Meðferðis höfðum við 1.500 lerkiplöntur, 2000 stafafurur og 1000 sitkabastarða frá Skógræktinni. Einnig voru í farteskinu 2000 stafafurur sem höfðu vetursetu hér í bæ þar eð ekki tókst að koma þeim í rétt heimkynni haustið 1987.

Auk þess höfðum við með okkur ómældan fjölda (200 - 300 stk stafafurur) af nýburum sem Þorbjörn hafði komið til sl. vetur. Því miður veit ég ekki hvar fræinu var safnað, e.t.v. af stafafuru í Heiðmörk.

Í upphafi skógræktar í Skarfanesi ákváðum að skipta heildarsvæðinu sem okkur var úthlutað (21 m²) í tvennt og einbeita okkur bara að öðrum helmingnum fyrst.

Haustið 1987 "fyllti" ég í reit þann sem mér var ætlaður í fyrri úthlutun. Vegna þessara þáttaskila greip ég tæifærið og tók nýtt land undir mína skógrækt, land sem er alfarið utan okkar svæðis!

Nokkrar ástæður lágu þar að baki. Fyrir það fyrsta þá heillar það mig ekki sérlega að fást við skógrækt þar sem nokkur kjarngróðu er fyrir, þ.e.a.s. svæðið sem við fengum úthlutað í Skarfanesi er víða þakið heimagnróðri s.s. víði, birki og reyniviði. Nokkru sunnar er aftur á móti skógarlaust svæði, fyrnverandi beitarhólf, sem höfðar öllu meina til mín. Í öðru lagi hentar núverandi land ekki alls kostar til þeirra "tilrauna" sem ég hóf sl. sumar með "flöskueldi". Í þriðja falli hefur sum árin orðið veruleg afföll af plöntum á svæðinu sem okkur var úthlutað í Skarfanesi. Ástæður geta sjálfsagt verið margar, hvort þar um veldur rangt staðarval, óæskilegur jarðvegur, veðurfar, (s.s. norðanrok skömmu eftir gróðursetningu og sumarfrost) vinnubrögð eða þá e-ð annað, nema þá að allt áðurnefnt leggist á eitt.

Svæðið sem ég valdi stendur sunnan og austan við töftinnar af Skarfanesi, handan árinna. Þar er hólótt landslag með skjólgóðum bollum. Það er klætt grasi og einnig er þar nokkuð af lynggróðri (ágætt berjaland). Þetta svæði var beitarhólf frá Skarði uns girðingin með Skarfanæs-læknum niður að Þjórsá var endurnýjuð sumarið 1987. Hin eiginlega skógræktargirðing sem orðin var ónýtt var þar með aflögð. Umrætt gróðursetningarsvæði er þar með í landi Landgræðslunnar en þó innan sömu girðingar og skógræktarhólfið.

Áðurnefndar "tilraunir" felast notkun skóghlífa þ.e.a.s. gosflöskur (1 1/2 l plastflöskur) sem bæði hafa verið afhausaðar og halastifðar. Þar með fæ ég hólka hæfilega breiða en þó helst til stutta.

Við þá innanverða hefti ég prik (lista) til jarðfestu. Þessi búnaður er sjálfsagt ekki sá besti sem völ er á en stóri kosturinn er sá að hann kostar ekki neitt. Hólka þessa (u.þ.b. 250 stk) setti ég á aðra hverja plöntu til að hafa alltaf nálægar plöntur til samanburðar.

E.t.v. er ekki að vænta mikils sýnilegs árangurs á fyrsta vaxtarskeiði en spennandi verður að fylgjast með árangri og ætla má að samanburður sýni töluverðan mismun þegar frá líður, alla vegana ef hólkarnir ná að mynda virkilegt skjól, ekki bara súg og vind sveipi.

Strax í sumar og haust taldi ég mig greina nokkurn mun en þó mismunandi eftir tegundum. Vöxtur furunnar er mjög jafn hvort hún var "innan húss eða utan" en nálarnar virtust þó reistari á þeim sem nutu skjóls. Grenið í hólkunum óx e.t.v. eilítið betur en litarmunur var greinilegur, glasabörnin voru nokkuð blánni. Lerkið þreifst í alla staði betur hafandi skjólið, bæði var örari vöxtur og öflugra bann. Kosturinn við þessar "tilraunir" á skóglausu landi er sá að miklu auðveldara er að finna alla þessa smáu einstaklinga, fylgjast með vexti og gera samanburð.

Svo er að bíða og sjá hvort þetta svæði er á nokkurn hátt hentugra til skógræktar en það land sem við fengum úthlutað. Framtíðin sker úr um það.

Þrátt fyrir óvissuna langar mig til að fá heimild hjá hlutaðeigandi aðilum (Skógræktin og Landgræðslan) til áframhaldandi gróðursetningar í þessu hólalandi sem ku heyra undir Landgræðsluna. Verði því synjað tek ég þeim rökum að sjálfsögðu.

Nú þegar hafa ríflega 2000 plöntur verið gróðursettar á umræddu landsvæði, þ.e. sá fjöldi sem mér var ætlaður sl. sumar en hinir bræðranna gróðursettu allt sitt skilvíslega í land það er okkur var úthlutað.

NIÐURSTÖÐUR

Almennt séð virðist mér að plöntur gróðursettar í ár hafi lifað vel af og að auki tóku allflestir eldri bannviðir vel við sér og þ.á.m. þau tré sem hafa verið áraraðir að ná rótfestu. Nú eru "týndu trén" loksins að skila sér aftur upp úr frumgróðrinum eftir felur í fjölmörg ár. Vissulega varð það til þess að auka trú mína á þessari iðju okkar.

Í melhólunum þar sem jarðvegur er vart annað en sandur hefur lerkið náð mestum vaxtarhraða, hæstu trén eru a.m.k. 140 sm. Hæstu furutrén eru vart nema 70 sm en eigi að síður vel hraustleg. Nokkuð var gróðursett af sitkagreni fyrr á árum en að mér vitandi hefur ekkert af því komist á legg, e.t.v. birtist það síðar.

FLUTNINGUR

Einn kunningja minna gerðist svo djárfur í vetur (12.11.88) að stinga upp 4 sitkatré í Lambhaga og flytja niður í Skarfanæs hvar við gróðursettum þau á ný. Tré þessi eru u.þ.b. 1/2 m. á hæð. Þau stóðu mjög þétt þannig að ég lit á þennan flutning nánast sem frelsun fyrir viðkomandi einstaklinga. Er hugsanlegt að Skógræktin veiti okkur "Skörfum" heimild til að flytja meira af hálfstálpuðum trjám þessa bæjarleið? Og svo annað mál þessu tengt en mér er lítt viðkomandi. Er hugsanlegt að Skógræktin veiti Samfó (húsbyggjendur í Lambhaga) heimild til að flytja hálfstálpuð tré úr yfirbókuðum reitum og gróðursetja á auðum svæðum í grenndinni?

Ekki er ég að biðja um formlega heimild fyrir hönd Samfó, slíkt yrði að koma frá réttum aðilum. En vissulega hef ég heyrt hugmyndinni fleygt sem hugsanlegu framtíðarverkefni og þykir mér hún góð.

SANDGRÆÐSLA

Stundum, og þá einkum á vorin, höfum við skógræktendur í Skarfanæsi lent í iðulausu moldviðri svo að vart hefur séð út úr augum og þar af leiðandi nánast óvært á svæðum sem liggja næst eyðimörkinni. Þessi ófögnuður hefur beint mínum skógræktaráhuga inn á nýjar brautir þannig að sandgræðslan hefur verið að vinda upp á sig ár frá ári.

Nokkurn árangur er þegar farið að sýna sig. T.a.m. skilað melsáning (með áburðargjöf) frá því síðla hausti 1987 (20.10.87) sér vel síðastliðið sumar. Reyndar var það önnur sáning á sama svæði þar eð sauðféð sá um að uppskera allt sem upp kom í hið fyrra sinn (10.87) en nú í ár var landið fjárfrítt að ég best veit, þökk sé áður nefndri endurnýjun á girðingunni. Til viðbótar sáði ég melfræi á miðju sumri (03.07.88) sem kom mjög þökkalega upp fyrir haustið. Svæðið sem um ræðir markast af "Réttlát hinum fyrsta" að norðanverðu en Réttlátur fyrsti er einn þriggja grjóttgarða sem hlaðinn var fyrr á árum af ábúendum í Skarfanæsi til að hefta sandburðinn. Garðurinn hverfur undir melhól þann sem ég uppnefni Himmelbjerget enda er hann hæstur allra melhóla á svæðinu.

Annar öflugur bandamaður sem ég hef beitt í þaráttunni við flugsandinn er lúpínan. Síðastliðin ár höfum við flutt nokkuð af "nýfæddri" lúpínu austur og gróðursett handan lækjarins gegnt vinnuskúrnum okkar. Þar er nú komið upp töluvert lúpínustóð sem tímgastr nú mjög ört. Á miðju sumri (03.07.88) stakk ég upp töluvert magn með haus og hala og gróðursetti á nokkrum afmörkuðum svæðum, m.a. inna grjóthleðslu þeirrar sem ég nefni auðvitað Réttlát annan. Fullþroska plöntum varð ekki meira en svo um þennan flutning að þær báru fræ í haust. Þá tók ég töluvert magn stílka með fullþroskuðum fræjum í haust (27.08.88) og stakk niður í sama skika.

Einnig ókum við meðfram girðingunni upp að Þjórsá og skildum eftir okkur nær óslitna dreif af fræstönglum. Annað mál er það að afurðir þessar hafa áreiðanlega fokið út um allar sveitir í haustveðrunum. En það skiftir sjálfsagt ekki nokkru máli, altént ekki ef rök Andrésar Arnalds reynast rétt er hann skrifar "Gagnslaust er að sá lúpínu nema hún sé smituð með viðeigandi bakteríu." (Græðum Ísland bls 196). Samkvæmt þessu var haustsáningin til einskis unnin ??? Ef svo er finnst mér nánast að það vanti heilan hlekk í tímgunarfræði móður náttúru!

Annar handleggur er sá að ég er nokkuð efins um réttmæti þessara aðgerða minna, þ.e.a.s. dreyfingu úlfabaunanna. Plantan á sjálfsagt eftir að æða um allar mínar lendur þannig að þessir sandhólar sem vissulega eru sérleg náttúrusmið missa alla sína reisu.

En svo ég vitni aftur í Andrés Arnalds þá vona ég að lúpinan "sé sannur frumherji og hverfi úr gróðursamfélaginu eftir að hafa bætt vaxtarskilyrðin nóg til að aðrar plöntur geti dafnað."

Þá hóf ég í sumar (03.07.88 og 03.12.88) flutning á "innfæddum" trjágróðri af hinu gróna landi og út í sandinn. Einkum er um að ræða sjálfsáð birki, víði og reynivið. Einnig hef ég flutt nokkuð af furu og lerki. Einkum eru það plöntur sem staðsetningar sinnar vegna þurftu að fjarlægjast, t.d. vegna nálægðar við veg eða slóða. Hefur þessum plöntum m.a. verið valinn staður sunnan undir Réttlát öðrum. Svo er spurningin hvort rétt sé að láta þessi tré spjara sig sjálf í sandinum í tilraunaskini eða veita þeim nokkra áburðargjöf.

Auk þess gróðursetti ég til prufu nokkrar fjallafurur og eins tré sem nefnist sandþyrnir (5 stk) og er ég verulega spenntur að sjá hvornig þær spjarar sig. Vissulega væri mér fengur af því að fá ábendingar um fleiri álitlegar tegundir sem gætu þrífist í svo snauðum jarðvegi.

Áburðargjöf ein sér er einföld og e.t.v. mjög árangursrík uppgræðsluáferð í þessu landi. Elfting er t.a.m víða um sandana og myndar græna slykju á sumrin. Með áburðargjöf gæti hún e.t.v. náð að þekja svæðið betur og bundið sandstorma sem gera allt starf nær óbærilegt á þessu svæði þegar sterkir og þurrir norðanvindar blása.

B) ÖNNUR VERKEFNI

STRAUMSHRAUN

Ekkert hefur verið gróðursett í Straumshrauni (í okkar spildu) í u.þ.b. 8 ár að undanskildum nokkrum lerkiplöntum (u.þ.b. 25 stk.) sem ég stakk þar niður sumarið 1987. Fyrir 2 - 3 áratugum var nokkuð gróðursett af lerki í hrauninu en aðeins þrjú tré eru eftirlifandi. Langar mig til að láta reyna á lífsafkomu lerkis í annað sinn.

Afrakstur fyrri ára skilar sér vel í því hagstæða árferði sem verið hefur undanfarið. Því eins er víða orðin þröng á þingi og ástæða til að grísa meira en verið hefur.

Grisjun hefur farið fram fyrir jóla ár hvert og hefur fjöldi hogginna trjáa miðast við þarfir fjölskyldunnar og einnig hafa ýmsir þeir sem hafa veitt okkur liðsinni í Skarfanesi hlotið verðskuldaða jólafuru að launum.

OSNES

Í landi Orrastaða í eystri hluta Húnavatnssýslu (við útfall Laxár úr Svínavatni) er afgirtur reitur sem e.t.v. fáum er kunnugt um. Það var að frumkvæði Þorbjarnar Sigurgeirssonar að í Osnesinu var gróðursett og girt, líkast til árið 1962 (væntanlega sama ár og land Gunnfríðastaða í Langadal var afgirt).

Umrætt skógræktarsvæði í landi Orrastaða var upphaflega u.þ.b. 20 x 20 m á stærð.

En fyrir 3 árum endurnýjaði og stækkaði landeigandinn, Þormóður Sigurgeirsson skógræktargirðinguna og nánast tvöfaldaði þá stærðina á reitnum.

Þeir barrviðir sem gróðursettir voru fyrir u.þ.b. 25 árum (stafafura, bergfura, skógarfura sitkagreni og lerkí) hafa átt fremur erfitt uppdráttar. T.d. hefur töluvert brotnað af toppum og furan fremur ritjuleg og kal töluvert í áveðursátt. Þó er í dag nokkuð af barrtrjám (greni) sem nær 2,5 m. En einna merkilegast þykir mér hve frumgróðurinn hefur náð sér upp. Þetta landsvæði hefur alla tíð verið beitt og einkennist flóran af lyng- og hrísmóum en innan girðingar hefur gulviðirinn viðirinn víða náð mannhæð og er sumstaðar er illfært af hans völdum. Vil ég þá einnig nefna hina glæsilegu víðrunna sem hafa þotið upp í landi Gunnfríðastaða eftir friðun, jafnvel 3 m háir og viðfeðmir eftir því.

Síðustu árin hefur Þormóður gróðursett smávegis í Osnesinu og þá einkum laufviði s.s. alaskaösp. Auk þess að vera þeim til auginyndis sem fara um svæðið, aðallega veiðimönnum í Laxá, þá hefur rjúpan töluverðar mætur á svæðinu og heldur þar gjarnan all "fjölmenn" þing þegar snjórinn hylur alla jörð.

FRÆSÖFNUN

Af söfnun birkifræs í ár er ekkert að segja þar eð ég safnaði akkúrat engu. Aftur á móti var ég all eljusamur haustið 1987. Þá skilaði ég skógræktinni 5 kg af birkifræi sem var safnað víða um bæinn.

Að lokum smá ábending. Mér virðist að kynningarstarf skógræðinga varðandi fræsöfnun hafi ekki hitt alveg í mark. Þá á ég við það að söfnunartími sé eingöngu á haustin strax eftir að rekkjar verða brúnir. Er nokkuð ekkert því til fyrirstöðu að menn safni fræi alla haustmánuðina og þess vegna fram undir jóla ef tíð leyfir?

Skráð í febrúar 1989

Sigurgeir Þorbjörnsson

GROÐURSETNING I SKARFANESI SUMARIÐ 1988

STAFAFURA (HARALDSOY) 2000 STK.

LERKI (TUVAN) 1500 STK.

GRENI (KENAI SITKABASTARÐUR) 1000 STK.

STAFAFURA (VETURSTADIN I KOPAVOGI) 2000 STK.

STAFAFURA P.S. (OPEKKTUR UPPRUNI) 200 - 300 STK.

SAMRIT SEND:

SIGURÐI BLONDAL

SKOGRÆKT RIKISSINS RANARGOTU 18 REYKJAVIK

BODVARI GUÐMUNDSSYNI

SKOGRÆKT RIKISSINS AUSTURVEGI 24B SELFOSSI

STEFANI SIGFUSSYNI

LANDGRÆDSLUS RIKISSINS LAUGAVEGI 120 REYKJAVIK